

Menntaskóli í tónlist
Kjartan Óskarsson, skólastjóri
Rauðagerði 27
108, Reykjavík
Skipholt 33
105, Reykjavík

Kópavogi, 30. janúar 2017

Vísað er til bréfs Menntaskóla í tónlist, dags. 22. ágúst 2016, þar sem sótt er um viðurkenningu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi.

Samkvæmt III. kafla laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008, getur mennta- og menningarmálaráðherra veitt skólum, öðrum en opinberum framhaldsskólum, viðurkenningu til kennslu á framhaldsskólastigi. Í slíkri viðurkenningu felst staðfesting á því að starfsemi skóla uppfylli, á þeim tíma sem viðurkenningin er veitt, almenn skilyrði laganna og reglna sem settar eru með stoð í þeim. Reglugerð um viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi, nr. 426/2010, var sett 11. maí 2010.

Menntamálstofnun hefur metið skólanámskrá og önnur framlögð gögn um starfsemi Menntaskóla í tónlist. Gögnin voru borin saman við lög um framhaldsskóla, reglugerð um viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi og almennan hluta aðalnámskrár framhaldsskóla. Meðal atriða sem metin eru sérstaklega eru rekstrarform, markmið náms og markhópur nemenda, skólanámskrá (með hliðsjón af starfsháttum, skipulagi náms, inntökuskilyrðum, réttindum og skyldum nemenda o.fl.), námsbrautalýsingar, áfangalýsingar, staðfesting á fjárhagslegri ábyrgð og rekstraröryggi, menntun og kjör starfsfólks og starfsaðstaða.

Á grundvelli þess sem að framan greinir veitir Menntamálstofnun hér með Menntaskóla í tónlist, kt. 560916-0510, viðurkenningu til kennslu á framhaldsskólastigi til þriggja ára frá dagsetningu þessa bréfs. Viðurkenning þessi felur hvorki í sér vilyrði um framlög né fjárskuldbindingu af hálfu ríkissjóðs. Hún veitir nemendum skólans ekki sjálfkrafa rétt til fyrirgreiðslu úr Lánaþjóði íslenskra námsmanna. Skólinn ber sjálfur alla ábyrgð á eigin skuldbindingum og starfsemi.

Viðurkenningin grundvallast á skólanámskrá Menntaskóla í tónlist, sem gildir fyrir skólaárið 2016-2017, og tekur til kennslu námsbrauta með námslok 9 – *önnur lokapróf á þriðja þrei* og námslok 7 – *aðrar brautir til stúdentsprófs*

Viðurkenningin byggir á því að kennsla fari fram í húsnæði skólans við Rauðagerði 27 og Skipholts 33 í Reykjavík, sem hefur verið tekið út og samþykkt af heilbrigðiseftirliti og slökkviliði höfuðborgarsvæðisins. Jafnframt byggir hún á því að starfsemi skólans fari fram samkvæmt þeim forsendum og skilyrðum sem rakin eru hér í framhaldi.

Skólanum ber, skv. 3. grein reglugerðar um viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi, nr. 426/2010, að senda Menntamálstofnun árlega skýrslu um starfsemina og veita henni allar umbeðnar upplýsingar um rekstur og starfsemi þegar þess

er óskað.

Um skóla- og kennarafundi skal fara samkvæmt ákvæðum 9. og 10. gr. laga um framhaldsskóla.


Skólinn skal hafa frumkvæði að því að upplýsa Menntamálastofnun án tafar um breytingar sem kunna að verða á starfsemi eða aðstöðu hans sem viðurkenning þessi byggir á.

Með þessari viðurkenningu er staðfest að Menntaskóli í tónlist uppfylli viðmið til þess að kenna staðfestar námsbrautalýsingar á þriðja þrepi með námslokanúmer 7 og 9.

Skólinn skal birta viðurkenningarbréf þetta ásamt skólanámskrá, verðskrá og gjaldtökureglum á vef sínum. Menntamálastofnun áskilur sér rétt til að birta viðurkenningarbréf þetta á vef sínum ásamt skólanámskrá Menntaskólans í tónlist.

Uppfylli skólinn ekki lengur skilyrði laga, nr. 92/2008, um framhaldsskóla eða fyrirmæli sett samkvæmt þeim, getur ráðherra afturkallað viðurkenninguna.

Virðingarfyllst,



Arnór Guðmundsson
Forstjóri